


ÁRSSKÝRSLA ALÞINGIS 2009–2010



STÖRF 137. LÖGGJAFARÞINGS 2009
OG 138. LÖGGJAFARÞINGS 2009–2010
ÁRSREIKNINGUR ALÞINGIS 2009

ÁRSSKÝRSLA ALÞINGIS 2009–2010

STÖRF 137. LÖGGJAFARPINGS 2009
OG 138. LÖGGJAFARPINGS 2009–2010
ÁRSREIKNINGUR ALÞINGIS 2009

Inngangur forseta Alþingis	7
Skipan þingsins á 137. þingi 2009	8
Forsætisnefnd Alþingis	8
Þingmenn og þingflokkar	9
Fastanefndir	11
Alþjóðanefndir	13
Þingstörfin	14
Þingmál	15
Þingfundir	15
Þingnefndir	16
Skipan þingsins á 138. þingi 2009–2010	18
Forsætisnefnd Alþingis	18
Þingmenn og þingflokkar	19
Fastanefndir	22
Alþjóðanefndir	25
Þingstörfin	26
Þingmál	26
Þingfundir	26
Þingnefndir	27
Opnir nefndafundir	28
Erlend samskipti	30
Störf alþjóðanefnda	31
Heimsóknir og fundir forseta Alþingis í útlöndum	31
Þátttaka þingmanna í ráðstefnum og fundum erlendis	32
Erlendar heimsóknir til Alþingis	32
Útgáfuefni Alþingis og fræðsla fyrir almenning	33
Skrifstofa Alþingis	34
Starfsmenn skrifstofu Alþingis	34
Erlend samskipti starfsfólks á árinu 2009	35
Húsakostur Alþingis	36
Fornleifarannsókn á Alþingisreit	36
Stofnanir Alþingis 2009	37
Sérstakar athafnir	38
Ársreikningur Alþingis 2009	41

FUGLAFÁNA ÍSLANDS

Fuglar eru mest áberandi dýrahópurinn í fínu Íslands. Sökum einangrunar landsins eiga þeir, ásamt skordýrum og öðrum smádýrum sem geta flogið eða borist með vindi, auðveldast með að komast hingað og nema land. Íslenska fuglafánan er að mestu evrópsk að uppruna en nokkrar tegundir af amerískum uppruna eru algengar, svo sem húsönd, himbrimi og straumönd.

Hér á landi verpa að jafnaði um 75 tegundir fugla en vitað er til þess að rúmlega 100 tegundir hafi verpt hér einu sinni eða oftar. Auk íslenskra fuglategunda fara að jafnaði um 20 tegundir hánorrænna farfugla um landið vor og haust og leita til varpstöðva sinna á heimskautasvæðinu frá suðlægari vetrarstöðvum. Algengastir og þekktastir farfugla eru sennilega rauðbrystingur, tildra, sanderla, margæs og blesgæs.

Sjófuglar, einkum álka, langvía, stuttnefja og lundi, eru algengastir fugla hér á landi og stofnar þeirra eru meðal stærstu stofna landsins. Að mati Náttúrufræðistofnunar eru 2,5 milljónir varppora í lundastofninum, 690 þúsund varppör í langvíustofninum og 310 þúsund varppör í álkustofninum. Það eru stórir stofnar á alþjóðlegan mælikvarða, sérstaklega þá lunda- og álkustofninn.

Flórgoði er af ætt goða og er meðal fágætustu fugla landsins. Talið er að ekki séu nema 700 varppör á landinu. Flórgoðinn er votlendisfugl sem gerir hreiður sitt í sefi eða stararflóum við vötn. Á vorin er gaman að fylgjast með fjörgu og fjölbreyttu þörunaratferli flórgoðans. Íslenski stofninn er um 6–11% af



Á forsíðu og á bls. 6, 41 og 42 eru myndir eftir Sindra Skúlason.

Evrópustofni og er talinn vera í mikilli hættu. Framræsla votlendis, einkum tjarna, er talin eiga þátt í bágrri stöðu stofnsins ásamt afráni minksins. Forsíða.

Lómur er, eins og frændi hans himbriminn, einn af tignarlegustu vatnafuglum landsins. Rauður hálsinn er áberandi á fuglinum á sundi en hann er djúpsyndur. Lómur er töluvert algengari en flórgoði og telur stofninn um 1.000–2.000 varppör, sem er um 1–3% af evrópska stofninum. Verndargildi lóms hér á landi er hátt og mikilvægt er að tryggja verndun tegundarinnar sem og búsvæða fyrir votlendisfugla almennt. Bls. 6.

Toppskarfur er nokkuð áberandi sjófugl hér við land en er frekar sjaldgæfur eins og frændi hans, dílaskarfurinn. Skarfar eru af ætt pelíkana. Stofn hvorrar tegundar um sig er ekki nema um 4.000–5.000 varppör. Stofn toppskarfs hér á

landi er um 6–7% af stofninum í Evrópu og hefur honum fækkað nokkuð undanfarin ár. Stofninn er talinn í nokkurri hættu og verndargildi hans er verulegt að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands. Heimilt er að veiða toppskarfg og undanfarið hafa 2.000 fuglar verið veiddir á ári. Bls. 41.

Hrossagaukur er af snípuætt og er meðal algengustu mófugla landsins en stofn hans er talinn vera um 180.000 varppör. Hrossagaukurinn lætur mikið á sér bera fyrri hluta sumars þegar hann hneggjjar. Íslenski stofninn er um 10–19% af hrossagaukum Evrópu og bera Íslendingar því töluverða ábyrgð á verndun hans. Stofninn er talinn stöðugur og hrossagaukur er ekki talinn í hættu hér á landi. Bls. 42.

Tólfta ársskýrsla Alþingis kemur nú út og nær hún yfir 137. og 138. löggjafarþing. Í ársskýrslunni er gerð grein fyrir þingstörfum á þessum tveimur löggjafarþingum og rekstri Alþingis fjárhagsárið 2009 auk þess sem í henni er að finna upplýsingar um skrifstofu þingsins og starfsmannahald.

137. löggjafarþing var sumarþing sem hófst 15. maí 2009, að loknum þingkosningum sem fram fóru 25. apríl. Þingið var að störfum til 28. ágúst og var því þá frestað til septemberloka.

137. löggjafarþing var 26. aukþing frá því að Alþingi kom fyrst saman sem löggjafarþing árið 1875. Frá 1991 hafa verið haldin stutt aukþing að afloknum kosningum en fyrir þann tíma voru aukþing haldin einstaka sinnum. Aukþingið var lengsta sumarþing í sögu Alþingis og stóð yfir á fjórða mánuð. Umdeild mál voru á dagskrá þessa sumarþings og bar hæst umræður um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu og samninga um lausn Icesave-deilunnar.

Alþingiskosningum fylgja að jafnaði breytingar á skipan þingsins. Að loknum kosningum 2009 tóku 27 nýkjörnir þingmenn sæti á Alþingi, þ.e. 42,9% af þingmannahópnum. Sá fjöldi nýrra þingmanna er vel yfir meðaltali áranna 1934–2007 sem er 27,5%, röskur fjórðungur þingmanna hverju sinni. 27 konur náðu



Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis.

kjöri í alþingiskosningunum og var þá hlutfall kvenna hærra en nokkru sinni áður eða 42,9%. Þess má geta að forsætisnefnd Alþingis var við upphaf kjörtímabilsins í fyrsta sinn í þingsögunni eingöngu skipuð konum.

Fyrsti þingfundur 138. löggjafarþings hófst að lokinni hefðbundinni þingsetningu 1. október 2009 og stóðu þingfundir til 28. september 2010 en þá var þingi frestað til septemberloka. Rannsóknarnefnd, sem Alþingi skipaði í desember 2008 til að rannsaka aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna, skilaði forseta Alþingis skýrslu sinni 12. apríl 2010. Þá

hóf þingmannanefnd, sem kosin hafði verið til að fjalla um skýrsluna, vinnu við að móta tillögur að viðbrögðum þingsins við niðurstöðum hennar.

Þingmannanefndin skilaði niðurstöðum sínum í september 2010, fyrir lok 138. þings. Þann 28. september ályktaði Alþingi með 63 greiddum atkvæðum um hvernig bregðast bæri við tillögum þeim sem fram komu í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Lagt var til að löggjöf yrði endurskoðuð til að fyrirbyggja að þeir atburðir sem leiddu til efnahagshrunsins endurtæku sig. Þá var ályktað að frekari rannsóknir á vegum Alþingis skyldu fara fram, m.a. á orsökum falls sparisjóða á Íslandi.

Efnahagshrunið haustið 2008 varð til þess að óhjákvæmilega varð að draga verulega úr ríkisútgjöldum. Eins og hjá öðrum stofnunum ríkisins varð að grípa til aðhaldsaðgerða í öllum rekstri Alþingis. Lögðust allir á árarnar og tók forysta þingsins og starfsmenn skrifstofunnar virkan þátt í að leggja til sparnaðaraðgerðir.

Að lokum vil ég færa þeim starfsmönnum Alþingis sem tekið hafa ársskýrsluna saman mínar bestu þakkir.

Ásta R. Jóhannesdóttir,
forseti Alþingis.

SKIPAN ÞINGSINS Á 137. ÞINGI 2009



Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra og starfsaldursforseti Alþingis, stjórnadi upphafi þingsetningarfundar 137. löggjafarþings en síðan tók nýkjörinn forseti Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir, við fundarstjórn. Jóhanna hafði setið á Alþingi í tæpt 31 ár við upphaf 137. þings.

FORSETISNEFND ALÞINGIS:

Ásta R. Jóhannesdóttir,	forseti Alþingis
Ragnheiður Ríkharðsdóttir	1. varaforseti
Þuríður Backman	2. varaforseti
Steinunn Valdís Óskarsdóttir	3. varaforseti
Siv Friðleifsdóttir	4. varaforseti
Álfheiður Ingadóttir	5. varaforseti
Unnur Brá Konráðsdóttir	6. varaforseti

Forsætisnefnd hélt 15 fundi á 137. löggjafarþingi. Skrifstofustjóri Alþingis og aðstoðarskrifstofustjórar sitja fundi forsætisnefndar. Þingforseti hélt einnig 28 fundi með formönnum þingflokka á 137. þingi.

ÞINGMENN OG ÞINGFLOKKAR

Á 137. þingi, sem stóð frá 15. maí 2009 til 28. ágúst 2009, hélt þingflokkur Framsóknarflokks 38 fundi, þingflokkur Borgarahreyfingarinnar 25 fundi, þingflokkur Samfylkingarinnar 37 fundi, þing-

flokkur Sjálfstæðisflokks 29 fundi og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs 30 fundi. Alls tóku þrjár varaþingmenn sæti á 137. löggjafarþingi, þar af einn í fyrsta skipti.

Í alþingiskosningunum 2009 náðu 27 konur kjöri og varð þá hlutfall kvenna herra en nokkru sinni áður.

Skipan þingflokka

BORGARAHREYFINGIN:

1. Birgitta Jónsdóttir, 9. þm. Reykv. s.
2. Margrét Tryggvadóttir, 10. þm. Suðurk.
3. Þór Saari, 9. þm. Suðvest.
4. Þráinn Bertelsson, 9. þm. Reykv. n.¹

FRAMSÓKNARFLOKKURINN:

1. Birkir Jón Jónsson, 2. þm. Norðaust.
2. Eygló Harðardóttir, 7. þm. Suðurk.
3. Guðmundur Steingrímsson, 8. þm. Norðvest.
4. Gunnar Bragi Sveinsson, 4. þm. Norðvest.
5. Höskuldur Þórhallsson, 6. þm. Norðaust.
6. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 8. þm. Reykv. n.
7. Sigurður Ingi Jóhannsson, 3. þm. Suðurk.
8. Sív Friðleifsdóttir, 6. þm. Suðvest.
9. Vigdís Hauksdóttir, 8. þm. Reykv. s.

SAMFYLKINGIN:

1. Árni Páll Árnason, 1. þm. Suðvest.
2. Ásta R. Jóhannesdóttir, 10. þm. Reykv. s.
3. Björgvin G. Sigurðsson, 1. þm. Suðurk.
4. Guðbjartur Hannesson, 3. þm. Norðvest.
5. Helgi Hjörvar, 4. þm. Reykv. n.
6. Jóhanna Sigurðardóttir, 1. þm. Reykv. n.
7. Jónína Rós Guðmundsdóttir, 10. þm. Norðaust.
8. Katrín Júlíusdóttir, 4. þm. Suðvest.
9. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.
10. Magnús Orri Schram, 11. þm. Suðvest.
11. Róbert Marshall, 8. þm. Suðurk.
12. Sigmundur Ernir Rúnarsson, 7. þm. Norðaust.
13. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, 4. þm. Reykv. s.
14. Oddný G. Harðardóttir, 5. þm. Suðurk.
15. Ólína Þorvarðardóttir, 7. þm. Norðvest.
16. Skúli Helgason, 7. þm. Reykv. s.
17. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 11. þm. Reykv. n.
18. Valgerður Bjarnadóttir, 6. þm. Reykv. n.
19. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.
20. Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. s.

SJÁLFTÆÐISFLOKKUR:

1. Árni Johnsen, 9. þm. Suðurk.
2. Ásbjörn Óttarsson, 1. þm. Norðvest.
3. Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.
4. Bjarni Benediktsson, 2. þm. Suðvest.
5. Einar K. Guðfinnsson, 5. þm. Norðvest.
6. Guðlaugur Þór Þórðarson, 5. þm. Reykv. s.
7. Illugi Gunnarsson, 3. þm. Reykv. n.
8. Jón Gunnarsson, 12. þm. Suðvest.
9. Kristján Þór Júlíusson, 4. þm. Norðaust.
10. Pétur H. Blöndal, 7. þm. Reykv. n.
11. Ragnheiður E. Árnadóttir, 2. þm. Suðurk.
12. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 8. þm. Suðvest.
13. Ólöf Nordal, 2. þm. Reykv. s.
14. Tryggvi Þór Herbertsson, 9. þm. Norðaust.
15. Unnur Brá Konráðsdóttir, 6. þm. Suðurk.
16. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Suðvest.

VINSTRI HREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOÐ:

1. Atli Gíslason, 4. þm. Suðurk.
2. Álfheiður Ingadóttir, 10. þm. Reykv. n.
3. Árni Þór Sigurðsson, 5. þm. Reykv. n.
4. Ásmundur Einar Daðason, 9. þm. Norðvest.
5. Björn Valur Gíslason, 8. þm. Norðaust.
6. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, 3. þm. Suðvest.
7. Jón Bjarnason, 2. þm. Norðvest.
8. Katrín Jakobsdóttir, 2. þm. Reykv. n.
9. Lilja Rafney Magnúsdóttir, 6. þm. Norðvest.
10. Lilja Mósesdóttir, 6. þm. Reykv. s.
11. Steingrímur J. Sigfússon, 1. þm. Norðaust.
12. Svandís Svavarsdóttir, 3. þm. Reykv. s.
13. Þuríður Backman, 5. þm. Norðaust.
14. Ögmundur Jónasson, 10. þm. Suðvest.

RÁÐHERRAR SEM VORU EKKI JAFNFRAMT ÞINGMENN

Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra
Ragna Árnadóttir, dómsmála- og mannréttindaráðherra

¹ Þráinn Bertelsson sagði sig úr þingflokki Borgarahreyfingarinnar 17. ágúst 2009 og var utan flokka út 137. þing.



Við upphaf þingsetningar safnast þingmenn saman áður en gengið er til messu í Dómkirkjunni. Þingmenn bíða þess að ganga til kirkju 15. maí 2009. Eygló Harðardóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Björn Valur Gíslason, Vigdís Hauksdóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Siv Friðleifsdóttir og Skúli Helgason.

Varamenn sem tóku sæti á 137. þingi

Varaþingmaður	Stjórn mála- flokkur	Aðalmaður	Tímabil
Arndís Soffía Sigurðardóttir*	Vg	Atli Gíslason	03.06.–29.06.09
Bjarkey Gunnarsdóttir	Vg	Björn Valur Gíslason	25.05.–08.06.09
Bjarkey Gunnarsdóttir		Björn Valur Gíslason	16.07.–14.08.09
Bjarkey Gunnarsdóttir		Puríður Backman	14.08.–29.08.09
Valgeir Skagfjörð	Bhr	Þór Saari	22.06.–06.07.09

* Merkir að varamaður tekur sæti á Alþingi í fyrsta sinn.

STJÓRNIR ÞINGFLOKKA

BORGARAHREYFINGIN

Birgitta Jónsdóttir formaður
Þór Saari varaformaður
Margrét Tryggvadóttir ritari

FRAMSÓKNARFLOKKUR

Gunnar Bragi Sveinsson formaður
Sigurður Ingi Jóhannsson
varaformaður
Vigdís Hauksdóttir ritari

SAMFYLKINGIN

Björgvin G. Sigurðsson formaður
Steinunn Valdís Óskarsdóttir
varaformaður
Skúli Helgason ritari

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR

Illugi Gunnarsson formaður
Ragnheiður E. Árnadóttir
varaformaður
Einar K. Guðfinnsson ritari

VINSTRI HREYFINGIN – GRÆNT

FRAMBOD

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
formaður
Álfheiður Ingadóttir varaformaður
Björn Valur Gíslason ritari



Þrír þingmenn Vinstri breytingarinnar – græns framboðs: Ásmundur Einar Daðason, Þuríður Backman og Lilja Rafney Magnúsdóttir. Ásmundur sagði sig síðar úr þingflokki Vinstri breytingarinnar og var utan flokka um tíma en gekk í júní 2011 í þingflokk framsóknarmanna.

Allsherjarnefnd

Steinunn Valdís Óskarsdóttir
formaður
Atli Gíslason varaformaður
Ásmundur Einar Daðason
Birgir Ármannsson
Ólöf Nordal
Róbert Marshall
Valgerður Bjarnadóttir
Vigdís Hauksdóttir
Þráinn Bertelsson

Efnahags- og skattanefnd

Helgi Hjörvar formaður
Lilja Mósesdóttir varaformaður
Álfheiður Ingadóttir
Birkir Jón Jónsson
Magnús Orri Schram
Pétur H. Blöndal
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
Tryggvi Þór Herbertsson
Þór Saari

Félags- og tryggingamálanefnd

Lilja Mósesdóttir formaður
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
varaformaður
Guðbjartur Hannesson
Guðmundur Steingrímsson
Jón Gunnarsson
Lilja Rafney Magnúsdóttir
Ólína Þorvarðardóttir
Pétur H. Blöndal
Þuríður Backman

Fjárlaganefnd

Guðbjartur Hannesson formaður
Björn Valur Gíslason varaformaður
Árni Þór Sigurðsson
Ásbjörn Óttarsson
Ásmundur Einar Daðason
Höskuldur Þórhallsson
Kristján Þór Júlíusson
Ólöf Nordal
Sigmundur Ernir Rúnarsson

Skúli Helgason
Þór Saari

Heilbrigðisnefnd

Þuríður Backman formaður
Sigmundur Ernir Rúnarsson
varaformaður
Guðlaugur Þór Þórðarson
Lilja Rafney Magnúsdóttir
Oddný G. Harðardóttir
Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Siv Friðleifsdóttir
Valgerður Bjarnadóttir
Þórunn Sveinbjarnardóttir

Iðnaðarnefnd

Skúli Helgason formaður
Lilja Rafney Magnúsdóttir
varaformaður
Álfheiður Ingadóttir
Gunnar Bragi Sveinsson
Jónína Rós Guðmundsdóttir

Margrét Tryggvadóttir
Sigmundur Ernir Rúnarsson
Tryggvi Þór Herbertsson
Unnur Brá Konráðsdóttir

Menntamálanefnd

Oddný G. Harðardóttir formaður
Ásmundur Einar Daðason
varaformaður
Árni Þór Sigurðsson
Eygló Harðardóttir
Jónína Rós Guðmundsdóttir
Margrét Tryggvadóttir
Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Skúli Helgason
Unnur Brá Konráðsdóttir

Samgöngunefnd

Björn Valur Gíslason formaður
Róbert Marshall varaformaður
Árni Johnsen
Ásbjörn Óttarsson
Guðmundur Steingrímsson
Lilja Rafney Magnúsdóttir
Magnús Orri Schram
Oddný G. Harðardóttir
Ólína Þorvarðardóttir

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd

Atli Gíslason formaður
Ólína Þorvarðardóttir varaformaður
Ásmundur Einar Daðason
Björn Valur Gíslason
Einar K. Guðfinnsson
Helgi Hjörvar
Jón Gunnarsson
Róbert Marshall
Sigurður Ingi Jóhannsson

Umhverfisnefnd

Þórunn Sveinbjarnardóttir formaður
Atli Gíslason varaformaður
Birgir Ármannsson
Birgitta Jónsdóttir
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
Kristján Þór Júlíusson
Magnús Orri Schram



Kjörbrefanefnd að störfum við upphaf 137. löggjafarþings þegar kjörbref aðalmanna og jafnmargra varamanna voru rannsökuð. Af 27 nýjum þingmönnum höfðu 20 ekki tekið sæti á Alþingi áður. Í nefndinni eru: Vigdís Hauksdóttir, Ólöf Nordal, Birgir Ármannsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Árni Þór Sigurðsson, Helgi Hjörvar, Sigrún Brynja Einarsdóttir, ritari nefndarinnar, Álfheiður Ingadóttir, Margrét Tryggvadóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir
Vigdís Hauksdóttir

Utanríkismálanefnd

Árni Þór Sigurðsson formaður
Valgerður Bjarnadóttir varaformaður
Birgitta Jónsdóttir
Bjarni Benediktsson
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
Helgi Hjörvar
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
Þorgerður K. Gunnarsdóttir
Þórunn Sveinbjarnardóttir

Varamenn:

Atli Gíslason
Álfheiður Ingadóttir
Björgvin G. Sigurðsson
Gunnar Bragi Sveinsson
Illugi Gunnarsson
Margrét Tryggvadóttir
Ragnheiður E. Árnadóttir
Sigmundur Ernir Rúnarsson
Skúli Helgason

Viðskiptanefnd

Álfheiður Ingadóttir formaður
Magnús Orri Schram varaformaður
Eygló Harðardóttir
Guðlaugur Þór Þórðarson
Jónína Rós Guðmundsdóttir
Lilja Mósesdóttir
Margrét Tryggvadóttir
Ragnheiður E. Árnadóttir
Steinunn Valdís Óskarsdóttir

Kjörbrefanefnd

Helgi Hjörvar formaður
Árni Þór Sigurðsson varaformaður
Álfheiður Ingadóttir
Ásta R. Jóhannesdóttir
Birgir Ármannsson
Margrét Tryggvadóttir
Ólöf Nordal
Vigdís Hauksdóttir
Þórunn Sveinbjarnardóttir



Josef Motzfeldt, forseti grænenska Landsþingsins, tekur við gjöf frá forseta Alþingis, Ástu R. Jóhannesdóttur, í tilefni þess að Grænendingar fengu sjálfstjórn í júní 2009.

Íslandsdeild

Alþjóðáþingmannasambandsins

Þuríður Backman formaður
Guðbjartur Hannesson varaformaður
Einar K. Guðfinnsson

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA

Árni Þór Sigurðsson formaður
Valgerður Bjarnadóttir varaformaður
Jónína Rós Guðmundsdóttir
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
Þorgerður K. Gunnarsdóttir

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins

Lilja Mósesdóttir formaður
Steinunn Valdís Óskarsdóttir
varaformaður
Birkir Jón Jónsson

Íslandsdeild NATO-þingsins

Björgvin G. Sigurðsson formaður
Ragnheiður E. Árnadóttir
varaformaður
Birgitta Jónsdóttir

Íslandsdeild Norðurlandaráðs

Helgi Hjörvar formaður
Álfheiður Ingadóttir varaformaður
Ásmundur Einar Daðason
Bjarni Benediktsson
Illugi Gunnarsson
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
Siv Friðleifsdóttir

Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
formaður

Þórunn Sveinbjarnardóttir
varaformaður
Kristján Þór Júlíusson

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins

Ólína Þorvarðardóttir formaður
Lilja Rafney Magnúsdóttir
varaformaður
Atli Gíslason
Árni Johnsen
Sigurður Ingi Jóhannsson
Þráinn Bertelsson

Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu

Róbert Marshall formaður
Björn Valur Gíslason varaformaður
Pétur H. Blöndal



Þingmenn vinna drengskaparheit að stjórnarskránni þegar þeir taka sæti á Alþingi í fyrsta sinn. Hér sést Ásbjörn Öttarsson undirrita eiddastafinn og hjá honum stendur Helgi Bernóússon, skrifstofustjóri Alþingis. Aðrir á myndinni eru Birgitta Jónsdóttir, Ásmundur Einar Daðason, Guðbjartur Hannesson, Árni Páll Arnason, Jón Bjarnason, Gylfi Magnússon, Ögmundur Jónasson og Össur Skarphéðinsson.

ÞINGSTÖRF 137. LÖGGJAFARÞINGS

Forseti Íslands setti 137. löggjafarþing föstudaginn 15. maí 2009. Var það fyrsta þing að afloknum alþingiskosningum 25. apríl 2009. Þingið var að störfum til 28. ágúst og var því þá frestað til septemberloka. Ákveðið var að fella septemberfundir niður vegna þess hve lengi fundir stóðu um sumarið.

Í upphafi þings voru kjörbréf aðal- manna og jafnmargra varamanna rann- sökuð. Af 27 nýjum þingmönnum höfðu 20 ekki tekið sæti á Alþingi áður og undir- rituðu þeir drengskaparheit að stjórnar- skránni. Ekki hafa áður jafnmargir nýir þingmenn tekið sæti á Alþingi eftir kosn- ingar. Ásta R. Jóhannesdóttir var kosin forseti Alþingis og kosnir voru sex vara-

forsetar. Kosnið var í fastanefndir Alþingis og alþjóðanefndir. Þingið kaus enn fremur í stjórnir, nefndir og ráð utan þings samkvæmt lögum. Haldnir voru nefnda- fundir og kosnir formenn og varafor- menn. Tilkynnt var um stjórnir þing- flokka.

Skipan þingflokka eftir kynjum við upphaf 137. löggjafarþings

Þingflokkar	Karlar	Konur	Fjöldi
Borgarahreyfingin	2	2	4
Framsóknarflokkur	6	3	9
Samfylkingin	10	10	20
Sjálfstæðisflokkur	11	5	16
Vinstri hreyfingin – grænt framboð	7	7	14
Alls	36	27	63

Skipting ræðutíma milli umræðna um afgreidd lagafrumvörp á 137. þingi

	Fjöldi ræðna	Tími í klst.
1. umræða	681	36
2. umræða	788	49
3. umræða	391	23



Þingmenn við upphaf 137. þings, frá vinstri: Sigmundur Ernir Rúnarsson, Helgi Hjörvar, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Eygló Harðardóttir, Einar K. Guðfinnsson, Valgerður Bjarnadóttir, Steinunn Valdis Óskarsdóttir, Lilja Mósedóttir, Kristján Þór Júlíusson, Árni Þór Sigurðsson, Oddný G. Harðardóttir, Bjarni Benediktsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson og Tryggvi Þór Herbertsson.

ÞINGMÁL Á 137. LÖGGJAFARÞINGI

Þingmál sem lögð voru fram á þinginu voru 174. Tala prentaðra þingskjala varð 364.

Af 56 frumvörpum urðu alls 30 að lögum. Af 16 þingsályktunartillögum voru tvær samþykktar sem ályktanir Alþingis.

Ein skrifleg skýrsla var lögð fram og þrjár munnlegar skýrslur ráðherra voru fluttar. Fyrirspurnir á þingskjölum voru 101. Munnlegar fyrirspurnir voru 42 og skriflegar fyrirspurnir voru 59.

Óundirbúnir fyrirspurnatímar voru að jafnaði tvisvar í viku þar sem ráðherrar svöruðu óundirbúið fyrirspurnum frá þingmönnum. Alls svöruðu ráðherrar 93 fyrirspurnum óundirbúið.

Störf þingsins voru sett á dagskrá að jafnaði tvisvar í viku eða 16 sinnum alls. Umræður utan dagskrár voru tíu.

Atkvæðagreiðslur voru alls 418, flestar fóru fram rafrænt en fjórum sinnum var viðhaft nafnakall. Atkvæðagreiðslur tóku samtals rúmar 12 klukkustundir.

ÞINGFUNDIR Á 137. LÖGGJAFARÞINGI

Þingfundadagar urðu 46, þingfundir urðu 60 og stóðu í 283 klukkustundir. Lengsti þingfundurinn stóð í um 14 og ½ klukkustund. Auk þess að vera lengsta sumarþing í sögu Alþingis var málaþjöldi einnig sá mesti sem afgreiddur hefur verið síðan á aukþinginu sumarið 1931.

Mestar umræður urðu um aðildarumsókn að Evrópusambandinu en umræður um ríkisábyrgð á lánnum samkvæmt Icesave-samningum stóðu einnig lengi.

Á þingfundum fer jafnan mestur tími í umræður um frumvörp til laga. Á 137. þingi var tæplega helmingur þingfundatímans notaður fyrir þær umræður, 125 klukkustundir. Næstmestum tíma þingsins var varið í að ræða þingsályktunartillögur, umræður um þær stóð í tæpar 63 klukkustundir.

Mest ræddu málin á 137. löggjafarþingi

Heiti máls

Aðildarumsókn að Evrópusambandinu

Ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta

Ráðstafanir í ríkisfjármálum

Tími í klst.

48

43

12

Nánari skiptingu fundartíma á 137. löggjafarþingi má sjá í kökuriti neðar á þessari síðu. Hlé og frestanir á fundum koma fram undir liðnum annað í kökuriti. Í töflum á blaðsíðu 14, um skiptingu ræðutíma milli umræðna, og á blaðsíðu 17, um skiptingu ræðna milli þingflokka, eru allar ræður teknar með, svo sem and-svör, athugasemdir og atkvæðaskýringar.

ÞINGNEFNDIR Á 137. LÖGGJAFARÞINGI

Fastanefndir héldu fundi venju samkvæmt fyrir hádegi þingfundadagana. Óvenju-margir dagar voru eingöngu ætlaðir til nefndastarfa á 137. þingi eða 20 á tímabilinu frá 23. júní til 7. ágúst. Alls héldu fastanefndir 268 fundi sem stóðu í samtals 427 klukkustundir. Samtals komu 925 gestir á fundi fastanefndanna og 56 þingmálum var vísað til þeirra. Þar af voru 46 lagafrumvörp, 35 þeirra frá ríkisstjórn en 11 flutt af þingmönnum. 11 þingmálum var vísað aftur til nefnda milli 2. og 3. umræðu.

Nefndirnar sendu 1.851 beiðni um umsagnir um samtals 45 þingmál. Um þau mál bárust 812 erindi. 53 erindi bárust um önnur mál. Að auki bárust fjárlaganefnd 80 erindi.

LAGAFRUMVÖRP Á 137. LÖGGJAFARÞINGI

Flutningsmenn	Alls framlögð	Afgreidd sem lög	Afgreidd samhljóða	Afgreidd með ágreiningi	Óafgreidd
Ríkisstjórn	39	25	9	16	14
Stjórnarþingmenn	6	1	0	1	5
Stjórnarandstöðupingmenn	5	0	0	0	5
Nefnd eða meiri hluti nefndar	6	4	1	3	2
Samtals	56	30	10	20	26

ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGUR Á 137. LÖGGJAFARÞINGI

Flutningsmenn	Alls framlagðar	Afgreiddar sem ályktun	Afgreiddar samhljóða	Afgreiddar með ágreiningi	Óafgreiddar
Ríkisstjórn	3	2	0	2	1
Stjórnarþingmenn	13	0	0	0	13
Stjórnarandstöðupingmenn	0	0	0	0	0
Nefnd eða meiri hluti nefndar	0	0	0	0	0
Samtals	16	2	0	2	14

FYRIRSPURNIR Á 137. LÖGGJAFARÞINGI


	Ósk um munnlegt svar			Ósk um skriflegt svar			Óundirbúnar fyrirspurnir
	Fjöldi	Svarað	Kallaðar aftur	Fjöldi	Svarað	Kallaðar aftur	
	42	42	0	59	54	5	93

SKÝRSLUR OG ÁLIT NEFNDA Á 137. LÖGGJAFARÞINGI

Skýrslur ráðherra samkvæmt beiðni	Aðrar skýrslur ráðherra en samkvæmt beiðni	Munnlegar skýrslur ráðherra	Skýrslur frá alþjóðanefndum	Skýrslur frá fastanefndum	Álit nefnda um skýrslur
1	3	3	0	0	0

Skipting fundartíma á 137. löggjafarþingi

■ Frumvörp	125	klst.
■ Fyrirspurnir	20	klst.
■ Störf þingsins	10	klst.
■ Þingsályktunartillögur	63	klst.
■ Skýrslur	8	klst.
■ Stefnumæði forsætisráðherra og umr. um hana	2	klst.
■ Utandagskrárumræður	6	klst.
■ Atkvæðagreiðslur	12	klst.
■ Annað	37	klst.



Heildarfundartími: 283 klst.

Nefndirnar afgreiddu með nefndaráliti 30 lagafrumvörp, þ.e. 28 stjórnarfrumvörp, eitt þingmannafrumvarp og eitt mál sem efnahags- og skattanefnd flutti að eigin frumkvæði.

Af þingsályktunartillögum sem vísað var til nefnda voru tvær frá ríkisstjórn, báðar afgreiddar með nefndaráliti, sjö voru frá þingmönnum og ein þeirra var afgreidd með nefndaráliti. Tvær þingsályktunartillögur um þingfrestun voru afgreiddar við eina umræðu og var þeim samkvæmt venju ekki vísað til nefndar.

21 þingmál var enn í vinnslu hjá nefndum þegar þingi lauk.

Fastanefndir (eða meiri hlutar þeirra) fluttu sex frumvörp í eigin nafni og voru öll þingmálin afgreidd nema tvö.

Nánari upplýsingar um nefndastörf á 137. þingi; um nefndafundi og lengd þeirra, svo og afgreiðslu þingmála og skiptingu milli fastanefndanna 12 er að finna í töflu neðar á þessari blaðsíðu.

Skipting allra ræðna milli þingflokka á 137. þingi

	Fjöldi ræðna	Tími í klst.
Borgarahreyfingin	153	8
Framsóknarflokkur	1.017	50
Samfylkingin	891	38
Sjálfstæðisflokkur	1.545	89
Vinstri hreyfingin – grænt framboð	798	40
Utan þingflokka ²	92	4

Nefndastörf á 137. löggjafarþingi

Fundir	Fundartími (klst.)	Mál til nefnda	Mál afgreidd frá nefndum			Umsagnarbeiðnir	Erindi til nefnda	Gestir nefnda	Mál flutt af nefndum	
			Samtals	1 álit	2 eða fleiri álit					
Allsherjarnefnd	19	16	10	3	1	2	279	93	53	0
Efnahags- og skattanefnd	41	65	12	5	4	1	276	169	165	4
Félags- og tryggingamálanefnd	12	20	3	3	0	3	57	18	63	0
Fjárlaganefnd	52	129	3	2	1	1	7	58	238	0
Heilbrigðisnefnd	7	9	1	0	0	0	67	26	5	0
Iðnaðarnefnd	8	14	0	0	0	0	0	0	9	0
Menntamálanefnd	14	13	4	4	1	3	46	16	46	1
Samgöngunefnd	5	5	0	0	0	0	0	0	15	0
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd	16	17	4	2	2	0	207	75	33	0
Umhverfisnefnd	14	12	5	4	1	3	467	99	27	0
Utanríkismamálanefnd	42	72	2	2	2	0	204	137	153	0
Viðskiptanefnd	38	55	12	8	5	3	241	121	118	1
Alls	268	427	56	33	17	16	1.851	812	925	6

² Þráinn Bertelsson 17. ágúst til 30. september og utanþingsráðherrarnir Gylfi Magnússon og Ragna Árnadóttir 25. apríl til 30. september.

SKIPAN ÞINGSINS Á 138. ÞINGI 2009–2010



Ráðherrar og þingmenn ganga til Dómkirkjunnar við þingsetningu 138. löggjafarþings 1. október 2009: Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Össur Skarphéðinsson, Gylfi Magnússon, Kristján L. Möller, Jón Bjarnason, Katrín Jakobsdóttir og Árni Páll Árnason.

FORSÆTISNEFND ALÞINGIS:

Ásta R. Jóhannesdóttir,	forseti Alþingis
Ragnheiður Ríkharðsdóttir	1. varaforseti
Þuríður Backman	2. varaforseti
Steinunn Valdís Óskarsdóttir ³	3. varaforseti
Siv Friðleifsdóttir	4. varaforseti
Árni Þór Sigurðsson	5. varaforseti
Unnur Brá Konráðsdóttir	6. varaforseti

Forsætisnefnd hélt 33 fundi á 138. löggjafarþingi. Skrifstofustjóri Alþingis og aðstoðarskrifstofustjórar sitja fundi forsætisnefndar. Þingforseti hélt einnig 43 fundi með formönnum þingflokka á 138. þingi.



Frá 1. janúar 2010 til 1. janúar 2012 voru allir handhafar forsetavalds konur. Ingibjörg Benediktsdóttir, forseti Hæstaréttar, Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis. Myndin er tekin á Bessastöðum á nýársdag 2010.

³ Á þingfundi 7. júní 2010 var Sigríður Ingibjörg Ingadóttir kosin 3. varaforseti.

ÞINGMENN OG ÞINGFLOKKAR



Ráðherrar sem sitja þingforseta á vinstri hönd við upphaf 138. þings: Steingrímur J. Sigfússon, Kristján L. Möller, Gylfi Magnússon, Jón Bjarnason, Árni Páll Árnason og Álfheiður Ingadóttir sem tók við embætti heilbrigðisráðherra þennan dag, 1. október 2009. Jafnframt eru á myndinni þingmennirnir Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir og Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Á 138. þingi, sem stóð frá 1. október 2009 til 28. september 2010, hélt þingflokkur Framsóknarflokks 72 fundi, þingflokkur Borgarahreyfingarinnar 66 fundi, þingflokkur Samfylkingarinnar 69 fundi, þingflokkur Sjálfstæðisflokks 64 fundi og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs 74 fundi.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir úr þingflokki Samfylkingarinnar afsalaði sér þingmennsku í maí 2010. Mörður Árnason tók sæti Steinunnar 1. júní 2010.

Alls tóku 16 varaþingmenn sæti á 138. löggjafarþingi, þar af 11 í fyrsta skipti.

BREYTINGAR Á RÍKISSTJÓRN

Ögmundur Jónasson fékk lausn frá embætti heilbrigðisráðherra 1. október 2009 og tók Álfheiður Ingadóttir þá við ráðherradómi.

Skipan þingflokka eftir kynjum við upphaf 138. löggjafarþings

Þingflokkar	Karlar	Konur	Fjöldi
Hreyfingin	1	2	3
Framsóknarflokkur	6	3	9
Samfylkingin	10	10	20
Sjálfstæðisflokkur	11	5	16
Vinstri hreyfingin – grænt framboð	7	7	14
Utan flokka	1		1
Alls	36	27	63

Tilkynnt var um eftirfarandi breytingar á ráðherraskipan 2. september 2010: Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra, Árni Páll Árnason félags- og tryggingamálaráðherra, Kristján L. Möller samgöngu- og sveitastjórnarráðherra og utanþingsráðherrarnir Ragna Árnadóttir dómsmála- og mannréttindaráðherra og Gylfi Magnússon efnahags- og viðskipta-

ráðherra fengu lausn frá embætti. Ögmundur Jónasson tók við embætti dómsmála- og mannréttindaráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Árni Páll Árnason tók við embætti efnahags- og viðskiptaráðherra og Guðbjartur Hannesson tók við embætti félags- og tryggingamálaráðherra og heilbrigðisráðherra.

Skipan þingflokka

BORGARAHREYFINGIN:⁴

1. Birgitta Jónsdóttir, 9. þm. Reykv. s.
2. Margrét Tryggvadóttir, 10. þm. Suðurk.
3. Þór Saari, 9. þm. Suðvest.

FRAMSÓKNARFLOKKUR:

1. Birkir Jón Jónsson, 2. þm. Norðaust.
2. Eygló Harðardóttir, 7. þm. Suðurk.
3. Guðmundur Steingrímsson, 8. þm. Norðvest.
4. Gunnar Bragi Sveinsson, 4. þm. Norðvest.
5. Höskuldur Þórhallsson, 6. þm. Norðaust.
6. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 8. þm. Reykv. n.
7. Sigurður Ingi Jóhannsson, 3. þm. Suðurk.
8. Sív Friðleifsdóttir, 6. þm. Suðvest.
9. Vigdís Hauksdóttir, 8. þm. Reykv. s.

SAMFYLKINGIN:

1. Árni Páll Árnason, 1. þm. Suðvest.
2. Ásta R. Jóhannesdóttir, 10. þm. Reykv. s.
3. Björgvin G. Sigurðsson, 1. þm. Suðurk.⁵
4. Guðbjartur Hannesson, 3. þm. Norðvest.
5. Helgi Hjörvar, 4. þm. Reykv. n.
6. Jóhanna Sigurðardóttir, 1. þm. Reykv. n.
7. Jónína Rós Guðmundsdóttir, 10. þm. Norðaust.
8. Katrín Júlíusdóttir, 4. þm. Suðvest.
9. Kristján Möller, 3. þm. Norðaust.
10. Magnús Orri Schram, 11. þm. Suðvest.
11. Oddný G. Harðardóttir, 5. þm. Suðurk.
12. Ólína Þorvarðardóttir, 7. þm. Norðvest.
13. Róbert Marshall, 8. þm. Suðurk.
14. Sigmundur Ernir Rúnarsson, 7. þm. Norðaust.
15. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, 4. þm. Reykv. s.
16. Skúli Helgason, 7. þm. Reykv. s.
17. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 11. þm. Reykv. n.⁶
18. Valgerður Bjarnadóttir, 6. þm. Reykv. n.
19. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.
20. Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. s.

SJÁLSTÆÐISFLOKKURINN:

1. Árni Johnsen, 9. þm. Suðurk.
2. Ásbjörn Óttarsson, 1. þm. Norðvest.
3. Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.
4. Bjarni Benediktsson, 2. þm. Suðvest.
5. Einar K. Guðfinnsson, 5. þm. Norðvest.
6. Guðlaugur Þór Þórðarson, 5. þm. Reykv. s.
7. Illugi Gunnarsson, 3. þm. Reykv. n.⁷
8. Jón Gunnarsson, 12. þm. Suðvest.
9. Kristján Þór Júlíusson, 4. þm. Norðaust.
10. Ólöf Nordal, 2. þm. Reykv. s.
11. Pétur H. Blöndal, 7. þm. Reykv. n.
12. Ragnheiður E. Árnadóttir, 2. þm. Suðurk.
13. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 8. þm. Suðvest.
14. Tryggvi Þór Herbertsson, 9. þm. Norðaust.
15. Unnur Brá Konráðsdóttir, 6. þm. Suðurk.
16. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Suðvest.⁸

VINSTRI HREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOÐ

1. Atli Gíslason, 4. þm. Suðurk.
2. Álfheiður Ingadóttir, 10. þm. Reykv. n.
3. Árni Þór Sigurðsson, 5. þm. Reykv. n.
4. Ásmundur Einar Daðason, 9. þm. Norðvest.
5. Björn Valur Gíslason, 8. þm. Norðaust.
6. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, 3. þm. Suðvest.
7. Jón Bjarnason, 2. þm. Norðvest.
8. Katrín Jakobsdóttir, 2. þm. Reykv. n.
9. Lilja Rafney Magnúsdóttir, 6. þm. Norðvest.
10. Lilja Mósesdóttir, 6. þm. Reykv. s.
11. Steingrímur J. Sigfússon, 1. þm. Norðaust.
12. Svandís Svavarsdóttir, 3. þm. Reykv. s.
13. Þuríður Backman, 5. þm. Norðaust.
14. Ögmundur Jónasson, 10. þm. Suðvest.

UTAN ÞINGFLOKKA

1. Þráinn Bertelsson, 9. þm. Reykv. n.⁹

RÁÐHERRAR SEM VORU EKKI JAFNFRAMT ÞINGMENN¹⁰

- Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra
Ragna Árnadóttir, dómsmála- og mannréttindaráðherra

⁴ Á þingfundi 1. október 2009 var tilkynnt að þingmenn Borgarahreyfingarinnar hefðu sagt sig úr floknum og stofnað nýjan flokk, Hreyfinguna.

⁵ 19. apríl 2010 las forseti bréf þess efnis að Anna Margrét Guðjónsdóttir tæki sæti Björgvins G. Sigurðssonar, 1. þm. Suðurk., sem vék tímabundið sæti á Alþingi.

⁶ Steinunn Valdís Óskarsdóttir sagði af sér þingmennsku 31. maí 2010. Sæti hennar tók Mörður Árnason og varð 11. þingmaður kjördæmisins.

⁷ 20. apríl 2010 las forseti bréf þess efnis að Sigurður Kári Kristjánsson tæki sæti Illuga Gunnarssonar sem vék tímabundið sæti á Alþingi.

⁸ 20. apríl 2010 tilkynnti forseti að Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Suðvest., fengi leyfi frá þingstjórnunum frá og með 19. apríl og tæki Óli Björn Kárason sæti hennar.

⁹ Þráinn Bertelsson gekk í þingflokk Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs 8. september 2010.

¹⁰ Gylfi Magnússon og Ragna Árnadóttir gegndu bæði ráðherraembætti til 2. september 2010.

STJÓRNIR ÞINGFLOKKA

FRAMSÓKNARFLOKKUR

Gunnar Bragi Sveinsson formaður
Sigurður Ingi Jóhannsson
varaformaður
Vigdís Hauksdóttir ritari

HREYFINGIN

Birgitta Jónsdóttir formaður
Þór Saari varaformaður
Margrét Tryggvadóttir ritari

SAMFYLKINGIN¹¹

Björgvin G. Sigurðsson formaður
Steinunn V. Óskarsdóttir
varaformaður
Skúli Helgason ritari

SJÁLFASTÆDISFLOKKUR¹²

Illugi Gunnarsson formaður
Ragnheiður E. Árnadóttir
varaformaður
Einar K. Guðfinnsson ritari

VINSTRI HREYFINGIN – GRÆNT

FRAMBOÐ

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
formaður
Árni Þór Sigurðsson varaformaður
Þuríður Backman ritari



*Hlutað er um sæti þingmanna, annarra en ráðherra, í upphafi hvers þings og eru notaðar til þess tölu-
settar kúlur í kassa sem er við borð forseta. Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, Vigdís Jónsdóttir
aðstoðarskrifstofustjóri og Ólína Þorvarðardóttir.*

Varamenn sem tóku sæti á 138. þingi

Varaþingmaður	Stjórn mála- flokkur	Aðalmaður	Tímabil
Anna Margrét Guðjónsdóttir	Sf	Oddný G. Harðardóttir	12.10.–26.10.2009
		Björgvin G. Sigurðsson	16.4.–30.09.2010
Arna Lára Jónsdóttir*	Sf	Ólína Þorvarðardóttir	24.2.–9.3.2010
Arndís Sigurðardóttir	Sf	Atli Gíslason	6.12.2009–1.1.2010
Auður Lilja Erlingsdóttir	Vg	Árni Þór Sigurðsson	19.04.–10.5. 2010
Davíð Stefánsson*	Vg	Árni Þór Sigurðsson	12.10.–9.11.2009
Erla Ósk Ásgeirsdóttir	S	Birgir Ármannsson	1.2.–15.3.2010
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir*	S	Einar K. Guðfinnsson	12.10.–26.10.2009
Guðrún Erlingsdóttir*	Sf	Róbert Marshall	12.10.–26.10.2009
Huld Aðalbjarnardóttir	F	Höskuldur Þórhallsson	28.9.–30.9.2010
Margrét Pétursdóttir*	Vg	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir	26.4.–15.6.2010
		Guðfríður Lilja Grétarsdóttir	21.9.–30.10.2010
Ólafur Þór Gunnarsson*	Vg	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir	10.11.–14.12.2009
		Ögmundur Jónasson	20.4.–14.5.2010
		Guðfríður Lilja Grétarsdóttir	17.8.–21.9.2010
Haukur Hannesson skjalalesari.

Hugrún R. Hólmgeirsdóttir skjalalesari.

Þórdís Kristleifsdóttir skjalalesari.

UPPLÝSINGA- OG ÚTGÁFUSVIÐ

Solveig K. Jónsdóttir forstöðumaður.

Almannatengsl

Hildur Gróa Gunnarsdóttir deildarstjóri og vefritstjóri (fæðingarorlof).

Arna Björk Jónsdóttir upplýsingafulltrúi.

Ræðuútgáfa

María Gréta Guðjónsdóttir deildarstjóri og ritstjóri.

Sigurlín Hermannsdóttir deildarstjóri og ritstjóri.

Berglind Steinsdóttir ræðulesari.

Birgitta Bragadóttir ræðulesari.

Jóna Guðmundsdóttir ræðulesari.

Kolfinna Jónatansdóttir ræðulesari.

Laufey Einarsdóttir ræðulesari.

Pétur Einarsson umsjónarmaður skjalageymslu.

Sigríður H. Þorsteinsdóttir ræðulesari.

Svanhildur Edda Þórðardóttir ræðulesari.

Sverrir Herbertsson umsjónarmaður

skjalageymslu.

Skönnun Alþingistíðinda, Ólafsfirði

Magnús Albert Sveinsson verkefnisstjóri.

Guðný Ágústsdóttir fjarvinnsluritari.

Kristjana Rannveig Sveinsdóttir

fjarvinnsluritari.

Sigríður Guðmundsdóttir

fjarvinnsluritari.

Þorvaldur Hreinnsson fjarvinnsluritari.

Upplýsingaþjónusta

Kristín Geirsdóttir deildarstjóri.

Guðbjörg Kristín Kjartansdóttir fulltrúi.

Guðný Ragnarsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur.

Jón Ólafur Ísberg sérfræðingur.

Viggó Gíslason bókasafns- og upplýsingafræðingur.

REKSTRAR- OG ÞJÓNUSTUSVIÐ

Ólöf Þórarinsdóttir forstöðumaður/deildarstjóri almennrar þjónustu.

Almenn þjónusta

Bentína Haraldsdóttir umsjónarmaður.

Bess Renee Neal ræstir.

Dóra Guðrún Pálsdóttir ritari þingmanna.

Eggert Jónsson aðstoðarmaður umsjónarmanns fasteigna.

Egill Arnarson ritari þingmanna.

Erna Guðrún Gunnarsdóttir framreiðslukona.
 Helga Björk Jósefsdóttir ræstir.
 Jóna Aðalheiður Pálmadóttir ræstir.
 Joanne Elizabeth Kearney ræstir.
 Jóna Brynja Tómasdóttir ræstir.
 Katarzyna Wozniowska ræstir.
 Magnúsína Valdimarsdóttir þjónustufulltrúi á skiptiborði.
 Margrét Ósk Árnadóttir ritari þingmanna.
 Natalia Viktorovna Kovachkina ræstir.
 Olga Vazquez Lopez ræstir.
 Ólafía K. Jónsdóttir ritari þingmanna.
 Ólafur G. Thorarensen umsjónarmaður fasteigna.
 Ragnheiður Gunnarsdóttir þjónustufulltrúi á skiptiborði.
 Rakel Ragnarsdóttir þjónustufulltrúi á skiptiborði.
 Rannveig Haraldsdóttir ritari þingmanna.
 Regína Óskarsdóttir ritari þingmanna.
 Sighvatur Hilmar Arnmondsson ritari þingmanna.
 Sigríður Dögg Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi á skiptiborði.
 Svana Björnsdóttir framreiðslukona/ræstir.
 Þorbjörg Sigríður Þorsteinsdóttir matráðskona.
 Þórunn Einarsdóttir ræstir.

Tölvudeild

Þorbjörg Árnadóttir deildarstjóri.
 Dejan Rackov forritari.
 Garðar Adólfsson kerfisstjóri.
 Grímur Jónsson kerfisstjóri.
 Ingvi Stígsson verkefnastjóri.
 Sveinn Ásgeir Jónsson net- og kerfisstjóri.

Þingvarsla

Guðlaugur Ágústsson deildarstjóri.
 Agnar Berg Sigurðsson næturvörður.
 Brynjar Nikulás Benediktsson þingvörður.
 Friðleifur Helgason þingvörður.



Skrifstofustjóri Alþingis, aðstoðarskrifstofustjóri (þingstörf), starfsmenn þingfundaskrifstofu, þingverðir og fulltrúar á skiptiborði eru þeir starfsmenn þingsins sem hafa vinnuaðstöðu í Alþingishúsinu.

Gísli Ólafsson þingvörður. Sigurður Guðmundsson næturvörður.
 Guðfinna Gísladóttir þingvörður. Sigurjón Sigurðsson næturvörður.
 Kjartan Egilsson þingvörður. Smári Sæmundsson næturvörður.
 Kristín Halla Hilmarsdóttir þingvörður. Vilhjálmur Gunnar Jónsson þingvörður.
 María Ditas de Jesus þingvörður. Þormóður Sveinsson vaktstjóri.
 Páll Ólafsson næturvörður.

ERLEND SAMSKIPTI STARFSFÓLKIS Á ÁRINU 2009

Canberra	Námskeið (Inter-Parliamentary study program). Vigdís Jónsdóttir, aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis.
Helsinki	Fundur um lögfræðiupplýsingar. Guðný Ragnarsdóttir, Viggó Gíslason, bókasafns- og upplýsingafræðingar á upplýsinga- og útgáfusviði, og Kristín Geirsdóttir, deildarstjóri upplýsingaþjónustu.
Helsinki	Fundur norræna þingbókavarða. Kristín Geirsdóttir, deildarstjóri upplýsingaþjónustu.
Helsinki	Ráðstefna upplýsingadeilda norrænu þinganna. Solveig K. Jónsdóttir, forstöðumaður upplýsinga- og útgáfusviðs.
Kaupmannahöfn	Stjórnarfundur í stjórn Jónshúss. Karl M. Kristjánsson aðstoðarskrifstofustjóri.
London	Fundur á vegum ECPRD um Rannsókn- og upplýsingaþjónustu hjá þjóðþingum (Seminar on Research and information for Parliaments). Viggó Gíslason, bókasafns- og upplýsingafræðingar á upplýsinga- og útgáfusviði.
Ósló	Fundur skjalasafna Norðurlandþinga. Jón Böðvarsson, skjalavörður og ritstjóri efnisyfirlits.
Ósló	Fundur rekstrarsviða norræna þjóðþinga (forvaltningsmóde). Karl M. Kristjánsson aðstoðarskrifstofustjóri og Ólóf Þórarinsdóttir, forstöðumaður rekstrar- og þjónustusviðs.
Róm	IFLA-þing. Kristín Geirsdóttir, deildarstjóri upplýsingaþjónustu.

HÚSAKOSTUR ALÞINGIS

FORNLEIFARANNSÓKN Á ALÞINGISREIT

Fyrsta áfanga í uppgrefti á Alþingisreitnum lauk í október 2009. Eftir að þeim áfanga lauk var unnið úr uppgraftargögnum. Fornleifar á svæðinu reyndust vera frá fyrstu tíð Íslandsbyggðar og fundust margir áhugaverðir gripir og mannvirki, til dæmis hringaprjónn úr kopar, ýviðar-spýta með fornum rúnum ásamt tveimur snældusnúðum með rúnalettri frá 10. og 12. öld. Einnig fannst þar stór kolagröf sem gerð hefur verið rétt eftir árið 871 eins og ráða má af landnámsgjökunni, svo og járnbræðsluofnar og leifar af stíg gerðum úr viði. Viðarstígurinn er grunnurinn að skipulögðu athafnasvæði sem þýðir að hér hafi strax frá upphafi verið skipulagt samfélag.

Á svæðinu fundust einnig minjar frá tíma Innréttinga Skúla fögeta þótt illa væru farnar og 100 fermetra svæði frá lokum 13. aldar, fiskastétt þar sem gert var að afla, en það voru kölluð fjöruverk. Þar fannst töluvert magn af fiskisleggjum, önglum, krókum og netalóðum ásamt leifum af trönum og fiskisteinum. Ofan á þessum minjum var öskuhaugur sem sennilega hefur tilheyrt bæjum í næsta nágrenni frá lokum 16. aldar og fram undir lok tíma Innréttinganna.



Snældusnúður sem talinn er vera frá 10. öld fannst í uppgrefti á Alþingisreit. Rúnalettri á honum er það elsta sem fundist hefur hérlandis.

HÚS Í EIGU ALÞINGIS

Alþingishúsið	Þingsalur, fundarherbergi, vinnuástaða fréttamanna og skrifstofur starfsfólks.
Skáli	Aðalinngangur í Alþingishúsið, pósthólf þingmanna, fundarherbergi, símaskiptiborð, matsalur, bílageymsla og ljósritun.
Þórshamar	Skrifstofur starfsfólks upplýsinga- og útgáfusviðs og rekstrar- og þjónustusviðs.
Vonarstræti 8	Skrifstofur starfsfólks upplýsinga- og útgáfusviðs.
Vonarstræti 12	Skrifstofur þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.
Blöndahls- og Kristjánshús	Skrifstofur forseta Alþingis, skrifstofustjóra, starfsfólks forseta og fjármálaskrifstofu.
Jónshús í Kaupmannahöfn	Minningasafn í Kaupmannahöfn um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu Einarsdóttur. Félagshéimili og bókasafn Íslendinga í Kaupmannahöfn.
Fræðimannsíbúð í Kaupmannahöfn	Sérstök nefnd úthlutar árlega íbúðinni til fræðimanna eftir umsóknum.

HÚS SEM ALÞINGI LEIGIR

Austurstræti 8–10A	Fundarherbergi fastanefnda. Skrifstofur þingflokka Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Skrifstofur starfsfólks nefndasviðs. Húsnæði Skólalþingis.
Austurstræti 12	Skrifstofur þingflokka Framsóknarflokks og Samfylkingar.
Austurstræti 14	Skrifstofur þingflokka Framsóknarflokks, Hreyfingarinnar og Samfylkingar.
Aðalstræti 6	Vegna flutninga Vonarstrætis 12 í Kirkjustræti.
Ármúli 7	Geymsluhúsnæði.
Ægisgata 7	Húsið er notað fyrir skjalageymslur Alþingis og húsmuni.

Greint var frá niðurstöðum úr ýmsum þáttum rannsóknanna í lokaskýrslu sem út kom haustið 2009 og sumarið 2010.

Uppgreftinum var ekki lokið að fullu vegna fjárskortis en fé var veitt til að ljúka verkinu 2012.



Hringaprjónn sem talinn er vera frá upphafi 12. aldar fannst við fornleifarannsóknir á Alþingisreit.

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Umboðsmaður Alþingis starfar samkvæmt lögum nr. 85/1997. Hlutverk hans er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði. Nánar er kveðið á um hlutverk umboðsmanns í reglum nr. 82/1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, samanber reglur nr. 106/1994. Umboðsmaður Alþingis er kjörinn til fjögurra ára í senn. Á haustþingi 2007 var Tryggvi Gunnarsson endurkjörinn umboðsmaður Alþingis til fjögurra ára, frá 1. janúar 2008 að telja. Hinn 1. janúar 2009 var Tryggvi ráðinn tímabundið til rannsóknarnefndar Alþingis sem var komið á fót með lögum nr. 142/2008 til þess að rannsaka aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Í fjarveru hans var Róbert R. Spanó, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, settur af hálfu forsætisnefndar Alþingis í embætti umboðsmanns til 1. júlí 2010 en þá tók Tryggvi við starfi umboðsmanns á ný. Starfsmenn umboðsmanns Alþingis voru tíu í árslok 2009. Á árinu 2009 voru skráð 338 mál. Þar af voru 323 kvartanir en 15 mál voru tekin upp að frumkvæði umboðsmanns. Lokið var 319 málum (104 voru til meðferðar í ársbyrjun en 123 í árslok).

RÍKISENDURSKOÐUN

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis samkvæmt lögum nr. 86/1997, samanber lög nr. 56/2009. Meginhlutverk stofnunarinnar er að endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur skal hún annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Þá getur stofnunin framkvæmt stjórnsluendurskoðun og kannað hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum og laga-fyrirmælum á sviði umhverfismála.

Forsætisnefnd Alþingis ræður ríkisendurskoðanda til sex ára í senn. Sveinn Arason var ráðinn í embætti ríkisendurskoðanda til sex ára frá og með 1. júlí 2008.

Fastráðnir starfsmenn voru 49 í árslok 2009. Á sama tíma voru í gildi samningar við tíu löggilta endurskoðendur eða skrifstofur um endurskoðun ríkisfyrirtækja og stofnana. Samtals áritaði stofnunin 319 ársreikninga og samdi 209 endurskoðunarbréf á árinu. Auk skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings sendi stofnunin frá sér fimm skýrslur með niðurstöðum stjórnsluúttekta, eina með niðurstöðum athugunar á innra eftirliti, eina um framkvæmd fjárlaga og tvær með niðurstöðum sérstaks átaks í eftirliti með fjármálastjórn ráðuneyta og stofnana. Þá birti stofnunin sérfræðiskýrslu um stofnefnahag Keflavíkurflugvallar ohf. Alls gaf stofnunin út 14 rit á árinu en auk þeirra var lokið við nokkrar greinargerðir sem eingöngu voru sendar þeim ráðuneytum og stofnunum sem í hlut áttu.

JÓNSHÚS Í KAUPMANNAHÖFN

Jónshús við Øster-Voldgade 12 í Kaupmannahöfn hefur verið í eigu Alþingis frá árinu 1967 er Carl Sæmundsen stórkaupmaður og Johanne kona hans gáfu það í minningu Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur. Jón og Ingibjörg bjuggu í húsinu frá árinu 1852 allt til dauðadags 1879. Árið 1970 hófst rekstur í húsinu og nú er þar félagsheimili Íslendinga í Kaupmannahöfn, bókasafn og minningasafn um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu Einarsdóttur. Einnig hafa Stúdentafélagið, Íslendingafélagið og íslenski söfnuðurinn aðstöðu í húsinu. Stjórn Jónshúss ber ábyrgð á rekstri hússins í umboði forseta Alþingis og forsætisnefndar.

Árið 1991 var keypt íbúð við Skt. Paulsgade 70 fyrir fræðimenn en fram að því höfðu fræðimenn fengið afnot af íbúð í Jónshúsi. Sérstök nefnd úthlutar árlega íbúðinni til fræðimanna eftir

umsóknum. Í nefndinni eiga sæti: Anna Agnarsdóttir formaður, prófessor við Háskóla Íslands, Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst og Kristinn Ólason, rektor Skálholtsskóla. Ritari nefndarinnar er Jörundur Kristjánsson, alþjóðaritari á skrifstofu forseta Alþingis. Fyrir tímabilið 1. september 2009 til 31. ágúst 2010 bárust 28 umsóknir um afnot af íbúðinni. Tíu fræðimenn fengu úthlutað:

Bryndís Hlöðversdóttir til að vinna að verkefni um eftirlitshlutverk danska þjóðþingsins eftir lagabreytingarnar 1999.

Clarence E. Glad til að vinna að verkefni um klassíska menntun á Íslandi.

Eggert Þór Bernharðsson til að vinna að verkefni um sögumiðlun og sýningar í Kaupmannahöfn og á Íslandi.

Einar Sigurbjörnsson til að vinna að rannsóknum í sálmafræði.

Jón Karl Helgason til að vinna að verkefni um arfleifð þjóðardýrlinga; Jónas Hallgrímsson í evrópsku og kaþólsku samhengi.

Margrét Eggertsdóttir til að rannsaka sálmaþýðingar Stefáns Ólafssonar í Vallanesi og áhrif þeirra á íslenska menningarsögu.

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir til að vinna verkefni um áhrif samfélagsgerðar og Norræns stofnanaumhverfis á heilsu og heilsudreifingu.

Valdimar Tr. Hafstein til að vinna verkefni um „Þjóðkvæðastríðið“; höfundarhugtakið og eignarhald á hugverkum.

Þór Eyfeld Magnússon til að vinna verkefni um íslenska gullsmiði sem lærðu í Danmörku á 18. og 19. öld og ílentust þar.

Þórður Ingi Guðjónsson til að vinna verkefni um Varðveislu Gísla sögu Súrssonar og „akademíska skrifara á 18. öld“.



Páll Hreinsson hæstaréttardómari afhenti forseta Alþingis, Ástu R. Jóhannsdóttur, skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis þann 12. apríl 2010. Prentuð útgáfa skýrslunnar er í allt um 2.000 blaðsíður í níu bindum, vefútgáfa var birt sama dag á vef Alþingis. Skýrslan var endurprentuð í tvígang.

SKÝRSLA VINNUHÓPS UM EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMDARVALDINU KYNNT

Forseti Alþingis og vinnuhópur um eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu héldu fréttamannafund í Alþingishúsinu fimmtudaginn 24. september 2009 og kynntu skýrslu vinnuhópsins. Í skýrslunni er staða þingsins í stjórnskipuninni útlistuð vandlega og settar fram skýrar ábendingar um aukna möguleika Alþingis til að rækja eftirlitshlutverk sitt.

Í vinnuhópnum voru: Bryndís Hlöðversdóttir aðstoðarrektror, sem jafnframt var formaður hópsins, Andri Árnason hæstaréttarlögmaður og Ragnhildur Helgadóttir prófessor.

Starfsmaður hópsins var Ásmundur Helgason, aðallögfræðingur Alþingis.

AFHENDING SKÝRSLU RANNSÓKNARNEFNDAR ALÞINGIS

Rannsóknarnefnd Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 skilaði skýrslu sinni 12. apríl 2010. Páll Hreinsson hæstaréttardómari afhenti forseta Alþingis skýrsluna fyrir hönd nefndarinnar við hátiðlega athöfn í Alþingishúsinu.

Vefútgáfa skýrslunnar var birt á vef Alþingis samtímis hinni prentuðu útgáfu og er það aðalútgáfa skýrslunnar enda birtist þar efni sem ekki er í hinni prentuðu útgáfu, þar á meðal ensk þýðing á hluta skýrslunnar.

Í framhaldi af afhendingu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis í Alþingishúsinu var haldinn blaðamannafundur í Iðnó þar sem skýrslan var afhent fulltrúum fjölmiðla. Á blaðamannafundinum voru niðurstöður nefndarinnar um

aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 kynntar. Einnig var gerð grein fyrir skýrslu vinnuhóps sem hafði það hlutverk að meta siðferðislega þætti í aðdraganda bankahrunsins.

Forsætisnefnd Alþingis skipaði í rannsóknarnefndina. Í henni sátu: dr. Páll Hreinsson, hæstaréttardómari, Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, og dr. Sigríður Benediktsdóttir, hagfræðingur og kennari við hagfræðideild Yale-háskóla í Bandaríkjunum. Forsætisnefnd skipaði einnig sérstakan vinnuhóp til að leggja mat á hvort skýringar á falli íslensku bankanna og tengdum efnahagsáföllum mætti að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði. Í starfshópinn voru skipuð: dr. Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimsspeki við Háskóla Íslands, Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, og Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisráðs.

UPPLESTUR Á SKÝRSLU RANNSÓKNARNEFNDAR ALÞINGIS

Í apríl 2010 lásu leikarar Borgarleikhússins upp skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis í Borgarleikhúsinu. Lesturinn stóð samfelldur yfir í 146 klukkustundir. Að honum loknum, mánudaginn 19. apríl, bauð forseti Alþingis leikurum og starfsfólki Borgarleikhússins í Alþingi og var þeim þakkað framtakið. Upplesturinn var gefinn út á hljóðbókum í samstarfi Blindrabókasafnsins og Borgarleikhússins.

HÁTÍÐ JÓNS SIGURÐSSONAR

Hátíð Jóns Sigurðssonar var haldin í Jónshúsi í Kaupmannhöfn í þriðja sinn 22. apríl 2010, á sumardaginn fyrsta. Verðlaun Jóns Sigurðssonar forseta árið 2010 hlaut Søren Langvad byggingarverkfræðingur. Søren Langvad hefur stutt dyggilega við útbreiðslu íslenskrar menningar á danskri grund og unnið óeigin-gjarnt starf í þágu Íslendinga í Kaupmannahöfn, meðal annars sem formaður Dansk-íslandsk samfund. Søren hefur verið ötull talsmaður hagsmuna Íslands og hefur með ævistarfi sínu eflt vináttu milli Íslendinga og Dana. Verðlaunin hafa áður hlotið Erik Skyum-Nielsen bókmenntafræðingur, 2009, og Guðjón Friðriksson sagnfræðingur, 2008.



Gerður Kristný tekur við Barna- og unglíngabókaverðlaunum Vestnorræna ráðsins 2010 fyrir skáldsöguna *Garðurinn*. Ólína Þorvarðardóttir, formaður ráðsins, og Dagný Kristjánsdóttir prófessor afhentu Gerði Kristnýju verðlaunin.



Rannsóknarnefnd Alþingis kynnti skýrslu sína þann 12. apríl 2010 á blaðamannafundi sem haldinn var í Iðno. Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir, Tryggvi Gunnarsson, Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir.



Handhafar Verðlauna Jóns Sigurðssonar forseta 2008–2010 ásamt forseta Alþingis. Erik-Skyum-Nielsen bókmenntafræðingur, verðlaunahafi 2009, Søren Langvad byggingarverkfræðingur, verðlaunahafi 2010, Guðjón Friðriksson sagnfræðingur, verðlaunahafi 2008, og Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis.

BARNA- OG UNGLINGABÓKAVERÐLAUN VESTNORRÆNA RÁÐSINS 2010

Gerður Kristný hlaut barna- og unglíngabókaverðlaun Vestnorræna ráðsins 2010 fyrir skáldsöguna *Garðurinn*. Verðlaunin námu um 1,2 milljónum íslenskra króna

og voru veitt við hátíðlega athöfn í Alþingishúsinu 1. september 2010. Þetta var í fimmta skipti sem verðlaunin voru veitt en þeim er úthlutað annað hvert ár.

ÁRSREIKNINGUR ALÞINGIS 2009





Þótt tiltölulega fáar fuglategundir verpi hér á landi eru hóparnir oft stórir. Af þeim sökum geta íslenskir fuglastofnar eða stofnar fargesta, sem byggja afkomu sína á viðdvöl hér á landi á fartíma, verið hátt hlutfall af Evrópu- eða heimsstofni þeirrar tegundar sem í hlut á. Sé hlutfall ákveðinnar tegundar hátt er talað um að sú tegund sé ábyrgðartegund. Að minnsta kosti 20 tegundir geta talist ábyrgðartegundir hér á landi sé miðað við 30% af Evrópustofni.

Þær tegundir eru: fýll (*Fulmarus glacialis*), sjósvala (*Oceanodroma leucorhoa*), heiðagæs (*Anser brachyrhynchus*), blesgæs

(*Anser albifrons*), marggæs (*Branta bernicla*), æðarfugl (*Somateria mollissima*), straumönd (*Histrionicus histrionicus*), húsönd (*Bucephala islandica*), sandlóa (*Charadrius hiaticula*), heiðlóa (*Pluvialis apricaria*), rauðbrystingur (*Calidris canutus*), sendlingur (*Calidris maritima*), lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), stelkur (*Tringa totanus*), óðinshani (*Phalaropus lobatus*), skúmur (*Stercorarius skua*), kría (*Sterna paradisaea*), langvía (*Uria aalge*), álka (*Alca torda*) og lundi (*Fratercula arctica*).

Nokkrar fuglategundir eru útdauðar í íslenskri náttúru. Má þar nefna geirfuglinn (*Pinguinus impennis*) en síðasta fuglinum

á jörðinni af þeirri tegund var komið fyrir kattarnef við Eldey árið 1844. Keldusvín (*Rallus aquaticus*) og haftyrdill (*Alle alle*) verpa ekki lengur á Íslandi en eru algengir annars staðar.


Hér við land eru auk þess nokkrar tegundir árlegir vetrargestir og má þar nefna bjartmáf (*Larus glaucoides*), haftyrdil (*Alle alle*) og æðarkóng (*Somateria spectabilis*).

Staðfesting forseta Alþingis og yfirstjórnar stjórnarsýslu


Á árinu 2009 var 16,06 millj. kr. tekjuhalli af rekstri Alþingis. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir 148,1 millj. kr., skuldir 49,4 millj. kr. og eigið fé nam 98,7 millj. kr. í árslok 2009.

Forseti Alþingis, skrifstofustjóri Alþingis og aðstoðarskrifstofustjóri, rekstur, staðfesta ársreikning Alþingis fyrir árið 2009 með áritun sinni.


Alþingi, 7. október 2010



Ásta R. Jóhannesdóttir
forseti Alþingis



Helgi Bernóðusson
skrifstofustjóri Alþingis



Karl M. Kristjánsson
aðstoðarskrifstofustjóri, rekstur

Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Alþingis fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka.

Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Alþingis á árinu 2009, efnahag 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 7. október 2010



Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur fyrir árið 2009

Rekstrartekjur:	2009	2008
Sölutekjur	14.787.347	10.219.409
Aðrar tekjur	4.955.983	1.400.553
	<u>19.743.330</u>	<u>11.619.962</u>
Rekstrargjöld:		
Alþingiskostnaður	892.691.159	826.541.281 ¹
Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka	65.000.000	65.000.000
Fastanefndir	10.737.630	16.974.919
Alþjóðasamstarf	60.036.774	79.371.028
Almennur rekstur	925.976.295	912.410.224
Sérverkefni	54.187.276	43.105.367
Rekstur fasteigna	267.570.148	226.404.001
	<u>2.276.199.282</u>	<u>2.169.806.820</u>
Viðhald fasteigna	25.895.481	55.177.433
Stofnkostnaður	42.070.628	45.476.879
	<u>2.344.165.391</u>	<u>2.270.461.132</u>
Tekjuafgangur (tekjuhalli) án fjármagnsliða	(2.324.422.061)	(2.258.841.170)
Fjármunatekjur, (fjármagnsgjöld)	<u>4.085.708</u>	<u>7.060.831</u>
Tekjuhalli án ríkisframlags	(2.320.336.353)	(2.251.780.339)
Ríkisframlag	<u>2.336.400.000</u>	<u>2.239.700.000</u>
Tekjuafgangur (-halli) ársins	<u>16.063.647</u>	<u>(12.080.339)</u>

¹ Í ársskýrslu 2008 var þessi upphæð, 826.541.281, í tveimur liðum, þ.e. Alþingiskostnaður 778.582.933 og breytingar á þingsköpum og bæt starfsaðstaða 47.958.348.

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Eignir	2009	2008
Áhættufé		
Hlutfé Intís hf.	<u>229.110</u>	<u>229.110</u>
Veltufjármunir:		
Ríkissjóður	99.938.144	106.940.068
Gjafabirgðir	357.184	363.184
Viðskiptakröfur	17.065.442	40.913.189
Handbært fé	<u>30.486.271</u>	<u>56.812.960</u>
Veltufjármunir	<u>147.847.041</u>	<u>205.029.401</u>
Eignir alls	<u>148.076.151</u>	<u>205.258.511</u>
Eigið fé og skuldir:		
Höfuðstóll:		
Höfuðstóll í ársbyrjun	157.883.149	169.963.488
Breyting vegna lokafjárlaga	(75.327.149)	0
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	<u>16.063.647</u>	<u>(12.080.339)</u>
Höfuðstóll	<u>98.619.647</u>	<u>157.883.149</u>
Annað eigið fé:		
Framlag til eignamyndunar	<u>92.000</u>	<u>92.000</u>
Annað eigið fé	<u>92.000</u>	<u>92.000</u>
Eigið fé	<u>98.711.647</u>	<u>157.975.149</u>
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	<u>49.364.504</u>	<u>47.283.362</u>
	<u>49.364.504</u>	<u>47.283.362</u>
Eigið fé og skuldir	<u>148.076.151</u>	<u>205.258.511</u>

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2009 (ÚTDRÁTTUR)

Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Alþingis er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Fjárheimildir og rekstur ársins 2009

Framlag á fjárlögum til Alþingis nam 2.234,8 m.kr. á árinu 2009. Heimildir voru hækkaðar um 136,5 m.kr. á fjárukalögum þar sem stærsti liðurinn eða 91,0 m.kr. voru biðlaun til 27 alþingismanna sem hættu á þingi eftir alþingiskosningarnar 2009. Einnig var 4,5 m.kr. framlag vegna fastra greiðslna og ferðakostnaðar þingmanna sem hættu, 6,5 m.kr. til útgáfumála, 10,9 m.kr. til þrifa og viðgerða á skemmdum í mótmælaaðgerðum á Austurvelli, 3,0 m.kr. vegna breytinga og viðhalds á skrifstofum alþingismanna eftir kosningar og 20,6 m.kr. vegna endurnýjunar á tölvubúnaði og tækja- og öryggisbúnaði í tengslum við mótmælaaðgerðir á Austurvelli. Lækkun á fjárukalögum var 22,0 m.kr. vegna ferðakostnaðar við alþjóðasamstarf, 20,0 m.kr. vegna uppsagna aðstoðarmanna alþingismanna og 3,5 m.kr. vegna samdráttar í ríkisútgjöldum. Auk framangreinds bættust 10,6 m.kr. við fjárheimildir vegna launagjalda þar sem tryggingagjald var stærsti liðurinn eða 10,0 m.kr. Fjárheimildir urðu því alls 2.336,4 m.kr. Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum, námu alls 2.320,3 m.kr. og urðu því um 16,1 m.kr. eða 0,7% innan fjárheimilda. Sundurliðun er sem hér greinir:

	Reikningur 2009	Fjárheimild 2009	Mismunur kr.
Alþingiskostnaður	892.691	923.600	30.909
Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka.....	65.000	65.000	0
Fastanefndir	10.738	15.200	4.462
Alþjóðasamstarf	60.037	82.700	22.663
Almennur rekstur.....	925.976	883.600	(42.376)
Sérverkefni	54.187	51.500	(2.687)
Rekstur fasteigna	267.570	275.600	8.030
Viðhald fasteigna	25.895	17.000	(8.895)
Stofnkostnaður, tæki	42.071	45.700	3.629
	2.344.165	2.359.900	15.735)
Sértekjur	(19.743)	(23.500)	(3.757)
Fjármunatekjur, (fjármagnsgjöld) nettó	(4.086)	0	4.086
Samtals	2.320.336	2.336.400	16.064

Yfirlit um rekstur

Launagjöld á árinu 2009 námu 1.525,1 m.kr. og hækkuðu um 127,6 m.kr. eða 9,1%. Greidd ársverk í dagvinnu voru 198,3 samanborið við 182,6 árið áður sem er fjölgun um 15,7 ársverk eða 8,6%. Laun á hvert ársverk hækkuðu um 0,5%. Launakostnaður í almennum rekstri hækkaði um 65,4 m.kr. eða 9,6% og vegna alþingismanna 69,5 m.kr. eða 11,4%. Laun alþingismanna voru lækkuð um 7,5% frá 1. janúar 2009 skv. úrskurði kjararáðs og laun skrifstofustjóra Alþingis voru einnig lækkuð. Launakostnaður vegna alþingismanna hækkaði engu að síður vegna biðlauna í kjölfar kosninga.

	2009	2008
Launakostnaður	1.525.089.999	1.397.485.244
Önnur gjöld	705.001.487	756.817.740
Tilfærslur	72.138.950	70.973.887
Eignakaup	42.070.628	45.476.879
	<u>2.344.301.064</u>	<u>2.270.753.750</u>
Gjöld samtals	2.344.301.064	2.270.753.750
Sértekjur	(23.964.711)	(18.973.411)
	<u>2.320.336.353</u>	<u>2.251.780.339</u>
Gjöld umfram tekjur	2.320.336.353	2.251.780.339

Skuldbindingar utan efnahags

Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna Alþingis eru áhvílandi. Í samræmi við reikningsskila-reglu A-hluta ríkissjóðs eru þær ekki færðar í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði. Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna Alþingis hefur ekki verið reiknuð sérstaklega.

SUNDURLIÐANIR

Alþingiskostnaður

Alþingiskostnaður hækkaði um 66,1 m.kr. eða 8,0%. Þingfararkaup eru föst laun alþingismanna. Þingfararkostnaður, fastar greiðslur eru starfskostnaður, ferðakostnaður í kjördæmi og húsnæðis- og dvalarkostnaður. Þingfararkaup er ákveðið af kjararáði en þingfararkostnaður, fastar greiðslur, af forsætisnefnd í ársbyrjun ár hvert. Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur, er ýmis kostnaður samkvæmt reikningum tengdum alþingismönnum, s.s. símakostnaður, ferðakostnaður innanlands, dagblaðakaup, tryggingar o.fl. Þingfararkaup lækkaði þann 1. janúar 2009 um 7,5% skv. úrskurði kjararáðs en hækkun útgjalda á árinu 2009 vegna þingfararkaupts mátti rekja til biðlauna alþingismanna sem hættu störfum eftir kosningar.

	2009	2008
Þingfararkaup	627.269.987	559.294.367
Þingfararkostnaður, fastar greiðslur	127.283.210	125.044.324
Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur	101.332.124	94.244.242
Aðstoðarmenn þingmanna	36.805.838	47.958.348
	<u>892.691.159</u>	<u>826.541.281</u>

Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka

Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka er greiðsla Alþingis til þingflokka samkvæmt fjárlögum. Fjárveiting var óbreytt milli ára eða 65,0 m.kr.

	2009	2008
Þingflokkur Framsóknarflokksins	10.053.142	9.912.500
Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins	22.734.212	21.125.000
Þingflokkur Samfylkingarinnar	16.046.875	15.437.500
Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs	10.887.500	12.512.500
Þingflokkur Frjálslynda flokksins	2.446.528	6.012.500
Þingflokkur Hreyfingarinnar	2.628.618	0
Kristinn H. Gunnarsson	203.125	0
	<u>65.000.000</u>	<u>65.000.000</u>

Alþjóðasamstarf

Útgjöld við alþjóðasamstarf lækkuðu um 19,3 m.kr. eða 24,3%. Erlent samstarf á vegum Alþingis felst í þátttöku þingmanna í alþjóðlegum þingmannanefndum, alls átta nefndum auk þátttöku í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Í tengslum við þessa þátttöku eru reglulega haldnir fundir og ráðstefnur á Íslandi. Lækkun útgjalda á árinu 2009 kom aðallega fram í erlendum ferðakostnaði.

	2008	2007
Íslandsdeild Norðurlandaráðs	17.045.840	19.219.448
Íslandsdeild NATO-þingsins	3.572.011	6.031.761
Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins	5.106.228	7.087.935
Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA	6.994.360	10.246.918
Alþjóðáþingmannasambandið	6.250.970	7.562.272
Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins	10.201.241	12.606.565
Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu	4.235.927	4.928.460
Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins	0	1.624.357
Ráðstefnur og fundir á Íslandi	5.444.274	5.974.196
Annað erlent samstarf	1.185.923	4.089.116
	<u>60.036.774</u>	<u>79.371.028</u>

ALÞINGI: 150 Reykjavík
Sími: 563 0500
Fax: 563 0550
althingi@althingi.is
www.althingi.is

SKRIFSTOFUSTJÓRI: Helgi Bernóðsson

RÍKISENDURSKOÐUN: Skúlagötu 57
105 Reykjavík
Sími: 569 7100
Fax: 562 4546
postur@rikisend.is
www.rikisendurskodun.is

RÍKISENDURSKOÐANDI: Sveinn Arason

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS: Álftamýri 7
108 Reykjavík
Sími: 510 6700
Fax: 510 6701
postur@umb.althingi.is
www.umbodsmaduralthingis.is

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS: Tryggvi Gunnarsson

© Skrifstofa Alþingis, 2012

ÁRSSKÝRSLA ALÞINGIS: Störf 137. og 138. löggjafarþings
Ársreikningur árið 2009
ISSN 1561-7661

LJÓSMYNDIR: Sindri Skúlason: forsíða, bls. 6, 41, 42
Bragi Þór Jósefsson: bls. 7, 8, 10, 11, 12, 14, 15, 18, 19, 21, 22,
27, 28, 30, 35, 38
Morgunblaðið/Ernir Eyjólfsson: bls. 24
Gunnar Vigfússon: bls. 18
Magnus Fröderberg/norden.com: bls. 25
Nils Baum: bls. 13, 32
Morgunblaðið/Kristinn Ingvarsson: bls. 39
Vala Garðarsdóttir: bls. 36
Aðrar myndir tóku starfsmenn skrifstofu Alþingis

PRENTVINNSLA: Svansprent ehf.



ALÞINGI | 150 REYKJAVÍK | SÍMI 563 0500 | FAX 563 0550 | WWW.ALTHINGI.IS